

33. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði , 12.12 2019, kl. 11:00

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Einnig mætt til fundar undir 1. lið, Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnisstjóri og Þórhallur Jóhannsson formaður Samfélagsnefndar.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Fögur framtíð í Fljótsdal .formaður Samfélagsnefndar og verkefnisstjóri funda með sveitarstjórn

- a) Fundargerðir Samfélagsnefndar 07.11- 13.11 og 03.12 2019
- b) Verkefnasjóður, minnisblað lögmanns dags. 08.12 2019
- c) Önnur tengd mál

2. Reglur um umhverfisstyrki

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, önnur umræða

4. Landsvirkjun, fulltrúar Landsvirkjunar funda með sveitarstjórn

5. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á Arnaldsstöðum

6. Laugarfell

Drög að leigusamningi við Óbyggðasetrið ehf

7. Gistihús við Végarð

8. Bréf

- a) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 12.11 2019
- b) Fljótsdalshérað dags. 18.11 2019
- c) Þjóðskrá Íslands 04.12 2019

9. Fjárbeiðnir

- a) Náttúruverndarsamtök Austurlands
- b) Aflið

10. Umhverfisstyrkir

- a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt
- b) Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2

- c) Benedikt Jónasson og Krístrún Jónsdóttir, Þuríðarstöðum

11. Fundargerðir

- a) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs 08.10 2019
b) Aðalfundur HAUST 2019, 30.10 2019
c) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29.11 2019
d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.11 2019
e) Brunavarnir á Héraði 03.12 2019

12. Skýrsla oddvita

13. Önnur mál

1. Fögur framtíð í Fljótsdal .formaður Samfélagsnefndar og verkefnisstjóri funda með sveitarstjórn

- a) Fundargerðir Samfélagsnefndar 07.11- 13.11 og 03.12 2019. Fundargerðir kynntar .

Samþykkt að breyta dagskrá fundarinnar og ræða lið c á undan lið b.

- c) Önnur tengd mál

Ásdís Helga hefur tekið saman verkefnalista frá samfélagsþingi og skilgreint eftir mikilvægi. Farið var yfir listann og verkáætlun sett niður fyrir þau verkefni sem tengjast sveitarfélaginu fjárhagslega og mikilvægt þykir að byrja á.

- b) Verkefnasjóður, minnisblað lögmanns dags. 08.12 2019

Minnisblaðið varðar hugmyndir um stofnun samfélagssjóðs. Kynnt.

Kynntar hugmyndir Samfélagsnefndar að stofnun samfélagssjóðs. Hlutverk sjóðsins yrði að styrkja verkefni á sviði atvinnu og nýsköpunar, umhverfis og menningar sem stuðla myndi að jákvæðri samfélagsþróun og eflingu atvinnulífs og nýsköpunar í Fljótsdal.

Verður rætt frekar undir lið 3. á dagskrá sveitarstjórnar

Ásdís Helga og Þórhallur yfirlögðu fundinn klukkan 14:20

2. Reglur um umhverfisstyrki

Nýjar reglur um umhverfisstyrki 2020, samþykktar

3. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2020 og 2021-2023, önnur umræða

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkir stofna og leggja framlag kr. 70.000.000 til samfélagssjóðs sem rekinn verður sem sjálfseignarstofnun samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja verkefni á sviði atvinnu, nýsköpunar, umhverfis og menningar í tengslum við samfélagsverkefnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“ sem stuðla mun að jákvæðri samfélagsþróun og eflingu atvinnulífs og nýsköpunar í Fljótsdal. Um er að ræða stofnframlag án frekari skuldbindinga og verður framlagið gjaldfært í rekstri Fljótsdalshrepps á árinu 2019.

Samþykkt að lögmaður sveitarfélagsins verði fenginn til að gera drög að skipulagsskrá fyrir sjóðinn.

Einnig samþykkir sveitarstjórn að leggja Landbótasjóði Fljótsdalshrepps til framlag að upphæð Kr. 10.000.000 á árinu 2019.

Fyrirsjáanlegt er að gjaldaliðir 31 Laugarfellsskáli mun hækka umfram áætlun 2019 ,vegna ófyrirséðs kostnaðar við leigjendaskipti kr. 2,5 millj og gjaldaliður 2159 Ýmis ótilgreindur kostnaður , mun hækka umfram áætlun vegna kaupa á sérfræðiþjónustu, um kr. 2 milljónir.

Vegna samþykkis ofangreinds verður gengið frá viðauka við fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2019 sem inniheldur þessi útgjöld og mætt verður með lækkun á handbæru fé. Viðaukinn verður lagður fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu á næsta fundi.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun 2020 og 2021-2023

Þar sem sveitarstjórn hefur samþykkt stofnun séreignasjóðs með stofnframlagi að upphæð kr. 70.000.000 á árinu 2019, er fært út úr áætlun næstu ára fjármagn í verkefnasjóð sem ætlað var sama hlutverk, alls kr. 45 milljónir.

Varðandi frekari fjármögnun samfélagssjóðs með framlögum frá Fljótsdalshreppi á næstu árum er gert ráð fyrir að þau ráðist af afkomu sveitarfélagsins og þörf sjóðsins fyrir frekari framlög.

Fram komu athugasemdir á íbúafundi 5. des sl. varðandi framsetningu á gjaldaliðum fjallskilamála. Samþykkt að búa til nýjan lið undir „fjallskil“ sem sýnir sérstaklega þann kostnað sem snýr að fjallskilamannvirkjum.

Einnig var samþykkt að hækka gjaldalið vegna fyrirhugaðra lagfæringa á heimreiðum um kr. 2.000.000.

Rætt var um fjárhagsstöðu Valþjófsstaðakirkju og möguleika á að gera samning um árleg framlög frá sveitarfélaginu til reksturs og viðhalds safnaðarkirkjunnar.

Gerðar voru breytingar á fjárfestingaáætlun þannig að viðhald á Végarði (utanhúss) fer úr 10.000.000 kr. í 11.000.000 kr., skemma/áhdahús fer úr 60.000.000 kr. í 40.000.000 kr, þjónustuhús við Hengifoss fer úr 60.000.000 kr í 30.000.000 kr. og uppbygging íbúðarhúss/a fer úr 20.000.000 kr. í 60.000.000 kr. Samtals fjárfestingar 2020 áætlaðar 141.000.000 kr og lækka um kr. 9 millj frá fyrri umræðu.

Jóhann F. óskar eftir að eftirfarandi verði bókað: *Ég legg til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á fjárhagsáætlun 2020 frá fyrri umræðu. Á liðum undir Milliviðskipti (Fjárfestingar ársins). Áhaldahús/skemma verði færð úr 60.000.000 kr. niður í 20.000.000 kr. Þessi framkvæmd hefur ekki fengið þann undirbúning sem þarf til þess að hægt sé að taka ákvörðun um að ráðast í hana. Ennfremur tel ég ef á að fara í slíka framkvæmd þá eigi hún að vera á höndum Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps eða annars sambærilegs félags sem hlyti styrk til byggingarinnar. Sveitarstjórn skipaði nefnd í byrjun september, sú nefnd hefur ekki skilað sameiginlegum tillögu eða greiningu á því hvernig á að standa að þessari framkvæmd og því er ekki ráðlegt að áætla hærri upphæð í þessa framkvæmd.*

Ákveðið að ljúka ekki annarri umræðu nú og afgreiða fjárhagsáætlun, þar sem að talsverðar breytingar hafa verið gerðar á áætluninni frá fyrri umræðu og ganga þarf frá áætluninni í samræmi við það. Samþykkt að næsti fundur verði þriðjudaginn 17. desember klukkan 16:00 og þar verði fjárhagsáætlun afgreidd. Oddviti mun sækja um frest til ráðuneytis til að skila inn áætluninni, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal sveitarstjórn hafa lokið afgreiðslu fjárhagsáætlunar 15. desember.

4. Landsvirkjun, fulltrúar Landsvirkjunar funda með sveitarstjórn

Sindri Óskarsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar og Árni Óðinsson verkefnisstjóri mættu á fundinn og fóru yfir starf og starfssemi Fljótsdalsstöðvar á árinu (sumarvinnu, bakkavarnir, aurskolun, uppgræðslu, girðingar og fl.). Þeir kynntu einnig fyrirhuguð verkefni næsta árs. Einnig kom til umræðu símasamband í sveitinni sem víða er slæmt og ekki er hægt að treysta á ef til stíflurofs kæmi og hættuástand myndast. Samþykkt að sveitarstjórn sendi erindi til Landsvirkjunar með ósk um samstarf til úrbóta.

Sindri og Árni yfirlögðu fundinn um 16:20

5. Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á Arnaldsstöðum

Erindinu vísað til umfjöllunar Byggingar og skipulagsnefndar.

6. Laugarfell

Drög að leigusamningi við Óbyggðasetrið ehf. Drögin kynnt.

Samningurinn er samþykktur af sveitarstjórn eins og hann liggur fyrir og oddvita falið að undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins.

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis og fól Lárusi fundarstjórn liðarins

7. Gistihús við Végarð

Borist hefur bréf frá rekstraraðilum Hengifoss Guesthouse og bent á að komið er að viðhaldi á ýmsum hlutum í gistihúsinu. Sveitarstjórn samþykkir að lagfæra eftirtalda hluti. Laga hringborð í matsal, rifu á vegg í eldhúsgám og endurnýjun á þéttiköntum á opnanlegum gluggafögum. Sveitarstjórn telur að viðhald á hitakút sé á hendi rekstraraðila. Varaoddvita falið að hafa samband við Hörð Guðmundsson til að vinna verkið.

Gunnþórunn koma aftur til fundar og tók við fundarstjórn.

8. Bréf

- a) Fljótsdalshérað, tölvupóstur 12.11 2019

Fljótsdalshérað tilkynnir fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs, Grund Efri Jökuldal og jafnframt tillögu að deiliskipulagi fyrir Stuðlagil, Grund.

Engar athugasemdir.

- b) Fljótsdalshérað dags. 18.11 2019

Uppsögn á þjónustusamningum um nám barna með lögheimili í Fljótsdalshreppi í leik- og grunn- og tónlistarskólum á Fljótsdalshéraði. Uppsögnin tekur gildi 31. júlí 2020.

Fljótsdalshérað lýsir sig jafnframt reiðubúið til umræðu um gerð nýrra þjónustusamninga um nám barna í Fljótsdalshreppi sé þess óskað.

Oddvita falið að óska eftir viðræðum við Fljótsdalshérað um nýja samninga og að viðræður hefjist sem fyrst.

- c) Þjóðskrá Íslands 04.12 2019

Varðar aðgang að álagningarkerfi Þjóðskrár.

Oddvita falið að undirrita samninginn fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

Samþykkt að bæta við á dagskrá bréf sem barst sveitarstjórn í dag

- d) Bréfið er frá 15 íbúum og hvetja þeir sveitarstjórn til dáða og að reyna eins og kostur er að flýta framkvæmd þeirra verkefna sem liggja fyrir og munu hafa jákvæð áhrif á framtíð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn þakkar fyrir þessar ábendingar.

9. Fjárbeiðnir

- a) Náttúruverndarsamtök Austurlands. Í tilefni 50 ára afmælis NAUST er stefnt á að gefa út afmælisrit. Samþykkt að styrkja útgáfuna um 50.000 kr.

- b) Aflið. Samþykkt að styrkja Aflið um 25.000 kr.

Samþykkt að bæta við dagskrá 2 menntastyrksumsóknnum vegna námskeiðs í trjáfellingu

10. Menntastyrkir

Tryggvi Þór Hallgrímsson Brekku. Samþykktur styrkur að upphæð sem samsvarar námskostnaði, vegna trjáfellingarnámskeiðs.

Arnar Óli Jóhannsson Eyrarlandi. Samþykktur styrkur að upphæð 52.000 kr. vegna trjáfellingarnámskeiðs.

11. Umhverfisstyrkir

- a) Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt. Samþykktur hámarksstyrkur
- b) Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2. Samþykktur hámarksstyrkur
- c) Benedikt Jónasson og Krístrún Jónsdóttir, Þuríðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur
Samþykkt að bæta við dagskrá 4 umhverfisstyrksumsóknnum sem bárust eftir að dagskrá var send út.
- d) Gunnar Jónsson Egilstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur
- e) Steingrímur Karlsson Valþjófsstað 1. Samþykktur hámarksstyrkur
Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis
- f) Hallgrímur Þórhallsson og Anna Bryndís Tryggvadóttir Brekku.
Samþykktur hámarksstyrkur
Jóhann kom aftur til fundar
- g) Gunnar Gunnarsson fyrir hönd Gunnars Þórarinnssonar, Hjarðarbóli
Samþykktur hámarksstyrkur

12. Fundargerðir

- a) Svæðisráð austursvæðis Vatnajökulspjórþingar 08.10 2019 .Kynnt
- b) Aðalfundur HAUST 2019, 30.10 2019. Kynnt
- c) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29.11 2019. Kynnt
- d) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 12.11 2019. Kynnt
- e) Brunavarnir á Héraði 03.12 2019. Kynnt

13. Skýrsla oddvita

Sveitarfélög þ.a.m. Fljótsdalshreppur , sem saman stóðu að málarekstri gegn Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu, sendu á ný inn sameiginlegar athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Óskar Sigurðsson lögmaður hjá Lex lögmannsstofu vann umsögnina.

Íbúafundur var haldinn 5. desember, þar voru fjárhagsáætlun sveitarfélagsins kynnt, rætt um fjármál, reglur um styrki, skemmubyggingu o.fl. Ágæt mæting var á fundinn.

Oddviti sat fjarfund með Umhverfis-og samgöngunefnd Alþingis 21.nóvember. Til umræðu var tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Einnig sat oddviti aðalfund Héraðsskjalasafns Austfirðinga 29. nóvember , sem og aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands 8. nóvember.

Stjórn SSA fundaði í Fljótsdal 3. desember. Samfélagsnefnd og verkefnisstjóri kynntu stjórninni samfélagsverkefnið „Fögur framtíð í Fljótsdal“ og stjórn SSA fundaði að því loknu með sveitarstjórn.

Lóðir úr landi Valþjófsstaðar 1, sem Fljótsdalshreppur keypti af Kirkjumálasjóði, hafa verið sameinaðar í eina lóð.

Fulltrúar frá Arion banka komu í heimsókn og áttu fund með oddvita 26. nóvember.

Skrifað hefur verið undir samning við Orkusjóðs vegna styrks til uppsetningar rafhleðslustöðvar við Végarð.

Landsnet hefur hafið vinnu við að móta kerfisáætlun 2020-2029, samhliða er unnið umhverfismat áætlunarinnar. Hægt er að kynna sér áætlunina á heimsíðu Landsnets og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er til og með 23. desember.

Birkir Karl Sigurðsson býðst til að halda tveggja daga skáknámsskeið fyrir ungmenni sem búa út á landi.

Minjastofnun minnir á að áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur unnið leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla.

14. Önnur mál

Hreindýraarðskrá fyrir árið 2019 liggur frammi til skoðunar á skrifstofu Fljótsdalshrepps til 14. desember og er það sá frestur sem gefinn er til að skila athugasemdum, sem skulu vera skriflegar og skilað til skrifstofu Umhverfisstofnunar, Tjarnabraut 39, Pósthólf 174, 700 Egilsstaðir.

Heildararður til jarða í Fljótsdalshreppi 2019 er kr. 15.634.100,-.

Fundi slitið klukkan 20:52

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Anna Jóna Ármarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)